



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 11. maí 2015 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Karl Kristjánsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður nefndarinnar bauð fólk velkomið og setti fundinn og leitaði afbrigða að taka tvö mál á dagskrá undir liðnum önnur mál, var það samþykkt, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1410001 – Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 9. mars 2014.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt.

2. 1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, útvistarsvæði og Sjávarböð.

Bréf frá Skipulagsstofnun dagsett 16. apríl 2015.

Nefndin fór yfir athugasemdir Skipulagsstofnunar og samþykkir að verða við þeim ábendingum og athugasemdum sem þar koma fram. Samþykkt samhljóða.

3. 1305002 – Deiliskipulag Kirkjuból.

Fyrir nefndinni liggur athugasemd Minjavarðar Vesturlands frá 13. mars 2014, þar sem áréttað er að fornleifarannsókn skuli fara fram ekki síðar en á deiliskipulagsstigi.

Nefndin tekur undir athugasemd Minjaverndar Íslands. Skráning fornleifa skal fara fram á deiliskipulagsstigi. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

4. 1505001 – Fráveitukerfi.

Kynningarbréf frá Verkís, dagsett 30. apríl 2014.

Lagt fram og kynnt.

5. 1503005 – Fundargerðir 373. og 374 fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.

Fundargerðir lagðar fram.

Önnur mál (ef einhver, löglega upp borin:

6. 1004002 – Breyting á deiliskipulagi í Fremri-Gufudal.

Ein athugasemd barst á auglýsingatímanum, frá Veðurstofu Íslands 17. apríl. 2014.

Nefndin samþykkir athugasemdirnar, deiliskipulagið samþykkt að öðru leyti. Samþykkt samhljóða.

7. 1408010 – Útboð á framkvæmdum við skólalóð.

Nefndin samþykkir að auglýst verði útboð á framkvæmdinni. Byggingafulltrúa falið að auglýsa útboðið. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11.05.

_____	_____
_____	_____
_____	_____